



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
Bæjarráð,
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 24. maí 2016

1605142 AÓ/sa

Efni: Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun árið 2016, tímabilið janúar til og með apríl 2016.

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr.1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 1. janúar til og með 28. apríl 2016 og endurskoðaðri launaáætlun vegna kjarasamninga í lok árs 2015 og byrjun árs 2016. Einnig eru í skjölunum tillaga bæjarstjóra að hærri staðgreiðslutekjum og tilfærsla á niðurgreiðslum (systkinaafslættir og fleira) á milli málaflokka (frá 02 til 04) frá fjármálastjóra, tillaga að millifærslum (innri færslur, afskriftir o.fl.) frá deildarstjóra bókhaldsdeildar og endurskoðuð fjárfestingar og framkvæmdaáætlun.

Stærstur hluti áðurnefndra færslna hefur ekki útgjalda- og/eða tekjuáhrif, ef frá er skilið að launaáætlun hækkaði um 90 m.kr. að frádregnum launapotti og afskriftir lækkuðu um 6 m.kr. og er mismunatólunni mætt með 84 m.kr. hækkun staðgreiðsluskatttekna.

Helstu tillögur að breytingum:

- Áætlun staðgreiðslutekna hækkar um 84 m.kr.
- Arður af eignum lækkar um 86 m.kr. og á móti lækkar innri leiga um 86 m.kr. (innri færslur).
- Launaáætlun hækkar um 92 m.kr.
- Fjárfestingaáætlun hækkar um 88,7 m.kr.
- Leiðrétting vegna áætlaðra afskrifta er um 6 m.kr.
- Handbært fé lækkar um 95 m.kr. til að mæta áætluðum auknum fjárfestingum.



Akraneskaupstaður

Virðingarfyllst,

Steinar Adolffson,
sviðsstjóri

Fylgigögn

1. Viðauki nr. 1,
 - sundurliðun, tímabilið janúar til og með apríl 2016.
 - yfirlit vegna breytinga á rekstri – sjóðstreymi – efnahag fyrir aðalsjóð, eignasjóð, fasteignafélag, Byggðasafn, Gámu og A- hluta og A- og B - hluta.
 - yfirlit vegna breytinga á málaflokkum og fjárfestingu.